

Lesið þetta

- Sveitarstjóra spjall
- Auglýsingar
- Dagur íslenskrar tungu
- Basar

Næsti Pési kemur út 8. des 2011

Efni í Pésann VERÐUR að berast í síðasta lagi 4 desember.

Efni í þessu blaði:

Forystugrein	2
Jólabingó	5
16.nóvember	8
Markaður	9
Dósasöfnun	12
Hreppamaðurinn	14

Pési



Nóvember 2011

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

21. árgangur. 254. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600

Frá Bókasafni Hrunamanna



BÓKASAFI

Nú fara jólabækurnar smátt og smátt að berast á bókasafnið. Eins og undanfarin ár eru nýjustu bækurnar á skammtímaláni, það er á **14 daga láni**. Ekki verður hægt að panta bækur sem merktar eru skammtímaláni. Flestir gera sér ljóst að margir hafa áhuga á að lesa nýju bækurnar eru því fljótir að skila þeim. Því er um að gera að kíkja við á bókasafninu og athuga hvað bíður nýtt og spennandi í hillunum. Láns tími eldri bóka og tímarita er 4 vikur.

Opnunartími:

Mánudaga	Kl. 20-21
Priðjudaga	Kl. 16-18
Miðvikudaga	Kl. 16-18
Fimmtudaga	Kl. 16-18

Verið velkomin J

Bókasafn Hrunamanna
Félagsheimilinu
Sími: 486 6708

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>





Káluppskera í nóvember Ljósni:SigSigm



Sveitarstjórapistill

Nú er nóvembermánuður genginn í garð og það er ekki frekar en undanfarin ár kominn vetur. Það er dálítið merkilegt að það sé verið að þreskja korn og taka upp grænmeti í nóvembermánuði en þetta er nú samt staðreynd. Það er mjög ánægjulegt því það skiptir okkar sveitarfélag mjög miklu að öll uppskeran náist í hús. Nú líður einnig að því að „uppskera“ sveitarfélagsins komi í hús sem er þegar árið er gert upp og í ljós kemur hvernig gengur í sameiginlegum sjóði okkar. Það er ljóst að vegna þess að sveitarfélagið hefur verið í nokkrum framkvæmdum á árinu og óhagstæðra fjármagnsliða vegna meiri verðbólgu mun sveitarfélagið að öllum líkindum vera rekið um núllið á þessu ári. Síðan er það stóra málið að líta í kristalkúluna og spá í nýja fjárhagsáætlun fyrir næsta ár. Það verður nokkuð verkefni að púsla henni saman en samt eru jákvæðir þættir svo sem hátt atvinnustig og auknar tekjur sveitarfélagsins út af staðgreiðslu sem koma vonandi til með að hjálpa okkur í gegnum þennan skaf. Þá þarf einnig að sjá hvort sveitarfélagið hafi afl til að halda áfram með nauðsynlegar framkvæmdir, bæði í viðhaldi og vonandi einhverjum nýframkvæmdum. Best er að það sé hægt að gera án þess að taka mikil lán því upp á framtíðina að gera er mjög mikilvægt að skuldsetning sveitarfélagsins sé í hófi. Um þessar mundir er það hlutfall rúmlega 100% af tekjum og töluvert undir viðmiðunarmörkum eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga en að mínu mati skiptir miklu máli að halda þessu hlutfalli í kringum 100% áfram. Með nýjum sveitarstjórnarlögum sem taka gildi um næstu áramót eru auknar kröfur gerðar til þess að fjármál sveitarfélaga séu með fullnægjandi hætti og vandað sé til áætlunargerðar þeirra og er það vel. Við búum að því að þetta sveitarfélag hefur ekki farið fram úr sér á liðnum árum eins og því miður önnur dæmi sína. Þetta hefur þýtt það að ekki hefur verið hægt að gera allt fyrir alla og svo mun verða áfram. Hins vegar skiptir miklu máli að sveitarfélag hafi þó afl til stuðla að góðum verkum og halda uppi lágmarksframkvæmdastigi, og við erum að einhverju leiti í eftirsóknarverðri stöðu. Hér er mjög lítið atvinnuleysi, íbúaprömur hefur verið ásættanleg og við erum þannig í sveit sett að við njótum þeirra ávaxta sem góð staðsetning og sjálfbært samfélag hefur upp á að bjóða. Þetta er þó ekki sjálfgefið og við þurfum öll að hafa fyrir þessu. Ekki er hægt að treysta á aðra til að leysa okkar vandmál heldur verðum við öll að treysta á okkur sjálf og samfélagið okkar. Eitt er þó það verkefni sem ekki verður undan vikist lengur að framkvæma á næsta ári er að sveitarfélagið fari í það að losa allar rotþrær hjá heimilum og sumarhúsum í sveitarfélaginu. Starfsmenn sveitarfélagsins munu á næstu dögum fara í það verkefni að heimsækja heimili og sumarhús til að staðsetja rotþrær þannig að við áttum okkur fyllilega á umfangi verkefnisins. Það þarf síðan að bjóða hreinsunina út eftir áramót þannig að verkið verði framkvæmt næsta ár. Nú er að nálgast svartasta skammdegið og eini ókosturinn við að hafa ekki snjóinn er að það er orðið ansi dimmt á daginn. Hins vegar styttest í það að við segjum skammdeginu stríð á hendur með því að lýsa það upp í aðdraganda adventu og jóla og ég veit að við höfum alltaf betur í baráttunni við myrkrið enda kemur alltaf vor eftir vetur.

Gangi ykkur öllum vel í vetur.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum og

Kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga. sími: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju
Starfsfólk Flúðaleiðar

Samkaup strax

Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	10:00-18:00
Laugardaga	10:00-18:00
Sunnudaga	11:00-17:00

Verið velkomin.
Starfsfólk Versl.Samkaup strax
á Flúðum.

*Skrifstofa Hrunamannahrepps.
Sumar opnunartími hreppsskrifstofu
Mánudaga til fimmtudaga:
09:00-12:00 og 13:00-16:00
Föstudaga: 09:00-12:30*

Ferðapjónusta allt árið

Málþing á Hótel Flúðum

miðvikudaginn 16. nóvember

kl. 13:00 – 17:00

13:00 Setning: Gunnar Þorgeirsson oddviti Grímsnes og Grafningshrepps

„Ísland allt árið“

Inga Hlín Pálsdóttir forstöðumaður Markaðssóknar Íslandsstofu

„Hugvekja um nauðsyn- og ávinning góðrar hönnunar á ferðamannastöðum“

Dagný Bjarnadóttir landslagsarkitekt, formaður Hönnunarmiðstöðvar Íslands

„Um menningu í ferðapjónustu“

Lára Magnúsardóttir sagnfræðingur, forstöðumaður Rannsóknarseturs HÍ á Norðurlandi vestra

„Skógarstígar og bætt aðstaða til útivistar“

Hreinn Óskarsson, Skógarvörður Suðurlands

„Stjórnun ferðapjónustu í þjóðgörðum „

Einar Sæmundsen, fræðslufulltrúi Þingvallapjóðgarðs

„Vöruþróun í ferðapjónustu“

Ferðamálafulltrúi Uppsveita Árnessýslu

Umræður með þátttöku ferðapjónustuaðila og sveitarstjórnarmanna

17:00 Málþingsslit: Ragnar Magnússon oddviti Hrunamannahrepps

Málþingsstjóri: Ásborg Arnþórsdóttir ferðamálafulltrúi

Málþingið er í boði Uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps

Jólabingó

Föstudaginn 2. desember kl 20:00 verður haldið bingó í Félagsheimilinu á Flúðum. Allur ágóði rennur til Danmerkurferðar 9. bekkjar sem farin verður næsta haust. Hlökkum til að sjá sem flesta.

Nemendur 9. bekkjar Flúðaskóla



Saltsteinar - Steinefni - Bætiefni



Saltsteinn Natur

Innihaldi:

Salt	100,0%
Dei af Natrium	38,5%

Fyrir: Nautgripi, hross,
sauðfé

10 kg.



Saltsteinn Plus

Saltsteinn með:
Sink, Mangan, Joð,
Kobalt og seleni

Fyrir: Nautgripi, hross,
sauðfé

10 kg.

Uniblock Steinefnablokk



10 kg.

Selenrik stein- og
bætiefnablokk sem hentar
sérlega vel fyrir sauðfé en
einnig fyrir nautgripi og hesta

Steinefnafata Universal-Schale



15 kg.

Selenrik stein- og bætiefnafata
sem hentar sérlega vel fyrir
sauðfé en einnig fyrir nautgripi
og hesta

Steinefnafata- Mineraleimar Plus



25 kg.

Steinefnafata sem hentar
fyrir nautgripi og hross.
Inniheldur kopar og hentar
ekki fyrir sauðfé

Hestamúslí - Hestakögglar



Besterly Herbic hestamúslí



Besterly Herbic hestamúslí er mjög
lystug blanda af úrvals korni,
grænmetisolium ásamt ýmsum
vitáminum og jurtum. Besterly Herbic
hestamúslí er bragðgott, eykur
heilbrigði og bætir meltinguna. Með
góðu gróffóðri er gott að gefa hestum
í þjálfun 1 – 2 kg. af Besterly Herbic
hestamúslí á dag.
Besterly Herbic hestamúslí
er í 15 kg. þokum



Besterly Vitalic hestakögglar



Besterly Vitalic hestakögglar eru með háu steinefna
og vitámin innihaldi. Besterly Vitalic er einkum
ætlað sem viðbótarfóður með góðu gróffóðri fyrir
hesta í þjálfun.
Ef gefið er ½ - 1 kg. af Besterly Vitalic daglega
ásamt góðu gróffóðri fær hesturinn öll næringarefni
sem hann þarf.
Besterly Vitalic hestakögglar eru í 25 kg. þokum.



Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 6600

ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM
SMIÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866

BYGGINGAVÖRUR – BÚVÖRUR
GJAFAVÖRUR – HANNYRÐAVÖRUR
OG ALLT ÞAR Á MILLI.

ALLTAF AÐ BÆTAST VIÐ NÝJAR VÖRUR
SJÓN ER SÖGU RÍKARI.

OPIÐ 9-18 VIRKA DAGA
11-14 LAUGARDAGA.



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna
Vinsamlegast pantið tíma
í síma: 486-5535 og **899-9665**.
Inga Birna.

Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga: 12:00-18:00

Sunnudaga: 12:00-18:00



Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási 480 5300
Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804



Dagur íslenskrar tungu

verður haldinn hátíðlegur í Flúðaskóla 16. nóvember næstkomandi. Dagskráin stendur frá kl. 15:00 – 17:00.

Kl. 15:00

Yngri kór, 1. – 4. bekkur í Kvíadal

Kl. 15:15

8. bekkur – upplestur úr nýlegum skáldsögum í Kvíadal

1. bekkur – atriði í bekkjarstofu

Kl. 15:30

7. bekkur – ljóðaflutningur í Kvíadal

2. bekkur – sagan af Gilitrutt í bekkjarstofu

10. bekkur – málshættir Stormskers í Vegghömrum

Kl. 15:45

6. bekkur – leiknir málshættir í Kvíadal

3. og 4. bekkur – flytja þulur og vísur í bekkjarstofu

Kl. 16:00

Eldri kór, 4. – 10. bekkur í Kvíadal

Kl. 16:15

8 bekkur – upplestur í úr nýlegum skáldsögum í Kvíadal

5. bekkur – atriði í bekkjarstofu

Kl. 16:30

7. bekkur – ljóðaflutningur í Kvíadal

Kaffihús verður í sal mötuneytisins. Þar verða nemendur úr 9. bekk með fjáröflun og selja kaffi, kakó og vöfflur. Einnig verða þau með kökubasar. Nemendum í Flúðaskóla verður boðið uppá vöfflu og kakó á kostnað skólans.



Jólamarkaður í Aratungu

Kvenfélag Biskupstungna verður með sinn árlega jólamarkað í Aratungu

Laugardaginn 26. nóv kl 13-17.

Þar verður á boðstólum handverk ýmiskonar, bakstur o.fl. Hin sívinsæla tombóla verður á sínum stað.

Kaffiveitingar seldar á staðnum.

Njótum samverunnar, verslum til jóllanna og spáum í spilin yfir kaffibolla með sveitungunum!

Sjáumst!



Söluborð á jólamarkaði í Aratungu 26. nóv.

Jólamarkaður Kvenfélags Biskupstungna verður laugardaginn 26. nóvember í Aratungu.

Handverksfólk og aðrir sem vilja selja á markaðinum, tryggjið ykkur endilega söluborð í tíma.

Tengiliðir: Prúða s. 896-0867 truda53@gmail.com

og Sirrý s. 868-6297

Sauðakofinn auglýsir.

Bráðum koma blessuð jólin, og þá er nú gott að geta fengið sér væna flís af feitum sauð.

Höfum tvíreykt sauðahangikjöt til sölu. Vinsamlegast pantið tímanlega.

Upplýsingar í síma

Sigrún 486-6079

Diddi 8941106

Netfang fossnes@uppsveitir.is





FLÚÐA-TAXI

Uppsveita Árnassýslu

Jóh. Unnar Guðmundsson



Sími 893 1462

8 farþega bíll



Fjallaraf

sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson

Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi

Hrunamannahreppi

845 Flúðir

Sími 662 0530

Fax 486 6432

fossi@fossi.is

Byggingafélagið **Árborg** ehf.
Austurvegi 42-44 • Selfossi
Símar 482 1550 / 482 1275
GSM 864 1275



Húsasmíðar
Innréttingar
Vélaleiga
Gröfur o.fl.

VIOLA snyrtistofa Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra
ALESSANDRO naglalökk og gloss



Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting –
Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.

Tímabantanir í Síma 856-1599


Fótaaðgerð.

Verð í Heimalandi föstudaginn 9. desember 2011

Tímabantanir í síma: 863 0433

Sólveig Jóhannsdóttir

Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur





Jólabasar 19. nóvember í Brautarholti á Skeiðum

Árlegur jólabasar Kvenfélags Skeiðahrepps verður haldinn í Brautarholti, sunnudaginn 19. nóvember n.k. klukkan 14:00. Mun barnakór Þjórsárskóla byrja basarinn með nokkrum lögum. Handverk, kökur og tombóla verða til sölu ásamt veitingum og jólakortum frá SSK.

Athugið að ekki er tekið við greiðslukortum.

Boðið er upp á sölubása fyrir handverksfólk. Þeir sem hafa áhuga hafi samband í netfangið thordisb@arborg.is eða í síma 661-2923.

Hlökkum til að sjá ykkur sem flest.

Kvenfélagskonur Skeiðahrepps.

Dósasöfnun

Nú stendur yfir fjáröflun hjá nemendum 9. bekkjar í Flúðaskóla vegna Danmerkurferðar á næsta ári. Hluti af fjáröfluninni er að safna dósum og flöskum til endurvinnslu. Íbúar í hreppnum mega því eiga von á heimsóknum með reglubundum hætti í vetur. Við viljum hvetja þá sem komnir eru á fremsta hlunn með að fara sjálfir með dósir og flöskur í endurvinnslu og vilja leggja okkur lið að hafa samband við okkur í sínum 865-6709 (Kristín E) og 897-3444 (Ásdís) og við sækjum varninginn.



Með fyrirfram þökk og von um góð viðbrögð. Nemendur 9. bekkjar og foreldrar.

Vöruflutningar
Reykjavík—Árnessýsla

Vörumóttaka Héðingsgata
1-3



VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í
ÁRNESSÝSLU.

Brottför frá Reykjavík, Héðingsgötu 1-3 sími: 533
2211. **Mánudaga til föstudaga kl. 12:00**, Á Sel-
fossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl.
14:00 .Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir
þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar



Opnunartími:

19-20 nóvember: 15:00-20:00

26-27 nóvember LOKAÐ

3-4 desember: 15:00-20:00

10-11 desember: 15:00-20:00


17-18 desember: 15:00-20:00

Getum opnað fyrir hópa á öðrum tímum. Lágmark 9-10 manns.

Upplýsingar og borðapantanir eru í síma 846 9798



Erum með 30 stk. 14 tommu túpusjónvörp
til sölu á kr. 3000.- per stk.
uppl gefur Guðmundur á Hótel Flúðum
í síma 486-6630 / 892-7941







Leikdeild ungmennafélags Biskupstungna heldur fund á Kaffi Kletti fimmtudagskvöldið 17.nóvember kl. 20.00. Nú er ætlunin að setja upp leikrit eftir áramót og þurfum við að fara að undirbúa það.


Allir sérstaklega velkomnir.

Þeir sem áhuga hafa, að vera með í uppsetningu, en komast ekki á fundinn, vinsamlegast hafið samband við okkur símleiðis.



Hreppamaður

Hreppamaður heitir blað
hendingar og ræður.
Kæru vinir kaupið það.
Konur menn og bræður.



Öll 12 rit Bjarna Guðmundssonar frá Hörgholti
eru til sölu í Þverspyrnu á kr. 4000 settið.

Allur ágóði fer til góðgerðarmála.

Tilvalið í jólapakkann.

Allar upplýsingar hjá Guðrúnu í Þverspyrnu í síma 486-6735.

Verið velkomin.



Félagsmiðstöðin Zero óskar eftir að fá fyrir lítið eða gefins Lampa, sófaborð, plöntur, púða, playstation tölvu, flakkara, afgangslakk, afgangsmálningu, jólaseríu og leðursófa 2 – 3 manna.
Hafið samband við Eygló í síma 894 0331

Til sölu

Gúbbífskar
Sérlega þægileg „gæludýr“,
Upplýsingar í síma 865-5678



HJÓNABALLIÐ
verður 3. mars 2012:)
Hjónaballsnefnd





16 Í Heimalandi er ávallt mikið líf og fjör. Eins og hér má sjá eru þar stundaðar hannyrðir af ýmsu tagi.
Líósm: Sísíósm